

Ed.

139. Tillaga

til þingsályktunar um kolanám.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að vinda sem bráðastan bug að innlendu kolanámi á þeim stöðum, sem menn finna hentugasta, svo að fyllt verði eldiviðarþörf landsmanna, þótt engi erlend kol náist.

Jafnframt ályktar Alþingi að heimila stjórninni fje úr landssjóði til nauðsynlegra frankvæmda í þessu máli, svo sem til verkfærakaupa, til torfbæja yfir verkamenn, til kaupa eða leigu á námunum o. fl. þ. h.